



Fréttatilkynning

04 December 2023 09:00:00 GMT

Arion banki hf.: Útboð á almennum skuldabréfum í íslenskum krónum

Vísað er til tilkynningar Arion banka sem birt var 17. nóvember 2023 um útboð á almennum skuldabréfum í íslenskum krónum.

Arion banki verður með lokað útboð á nýjum verðtryggðum flokki almennra skuldabréfa (e. senior preferred) þann 6. desember nk.

Skuldabréfin bera fasta verðtryggða vexti með vaxtagreiðslum tvisvar á ári. Lokagjalddagi er 15. desember 2028. Þau verða seld á genginu 100 sem samsvarar ávöxtunarkröfu sem endurspeglar um 140 punkta álag ofan á verðtryggðan ríkisbréfaferil við dagslok 5. desember nk.

Útboðið verður haldið þann 6. desember 2023 með uppgjöri og skráningu á Nasdaq Iceland þann 15. desember nk.

Útgáfan verður gefin út undir 3,0 milljarða evra Euro Medium Term Notes (EMTN) útgáfuramma bankans. Grunnlýsingu EMTN rammans má nálgast [hér](#).

Arion banki áskilur sér rétt til þess að samþykkja öll tilboð, hafna öllum tilboðum eða taka tilboðum að hluta.

Markaðsviðskipti Arion banka hafa umsjón með útboðinu. Tilboðum skal skilað á tölvupóstfangið skuldabrefamidlun@arionbanki.is fyrir kl. 16:00 þann 6. desember 2023.

Vinsamlegast beinið fyrirspurnum til:

Theodórs Friðbertssonar, forstöðumans fjárfestatengsla Arion banka, ir@arionbanki.is, s. 856 6760, eða Eiríks Dórs Jónssonar, forstöðumans fjárstýringar, eirikur.jonsson@arionbanki.is, s. 856 7171

Viðhengi

[Arion banki hf.: Útboð á almennum skuldabréfum í íslenskum krónum](#)